

Skýrsla um eignarhald á jörðum, framleiðslu og þróun hennar.

*Daði Már Kristófersson, Erna Bjarnadóttir og Ómar S. Jónsson,
Bændasamtökum Íslands*

Á búnaðarþingi 2006 var samþykkt ályktun þess efnis að láta kanna og greina þróun á eignarhaldi á bújörðum og meta áhrif hennar á búsetu og byggðapróun. Þessu viðfangsefni var síðan skipt í tvennt. Annars vegar var unnin viðhorfskönnun meðal ábúenda á lögbýlum sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst annaðist. Niðurstöður hennar birtust í sérstakri skýrslu og verða ekki raktar hér frekar.

Hinn hlutinn var að greina þróun á eignarhaldi bújarða. Sá hluti var unninn úr lögbýlaskrá landbúnaðarráðuneytisins í samstarfi við ráðuneytið. Ennfremur voru samkeyrð við hana gögn um framleiðslu og búfjárhald til að greina á milli ábúðarlögbýla og lögbýla í búfjárframleiðslu. Með þessu var hægt að flokka lögbýli í þrjú flokka til frekari glöggvunar. Þessi skýrsla fjallar um niðurstöður þeirrar úrvinnslu, fjölda jarða, fjölda eigenda, skiptingu eigenda eftir hvort um einstaklinga, lögaðila eða sveitarfélög er að ræða, samþjöppun á eignarhaldi og umfang viðskipta með jarðir eftir landshlutum.

Inngangur

Frá árinu 1980 hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði og sveitum landsins. Fram að þeim tíma voru engar framleiðslutakmarkanir í landbúnaði. Verð á mörgum afurðum til neytenda var ákvarðað samkvæmt búvörulögum og ríkið tryggði fjármagn til að niðurgreiða útflutning á mjólkurafurðum og kindakjöti. Búmarkskerfið var tekið upp 1980 til að draga úr framleiðslu og útgjöldum ríkisins. Framleiðslutakmarkanir fóru þó fyrst að skila umtalsverðum árangri eftir 1985 þegar tekinn var upp svokallaður fullvirðisréttur í mjólkur- og kindakjötsframleiðslu. Enn var hert á framleiðslutakmörkunum árið 1992 þegar útflutningsbætur voru afnumdar og greiðslumark í mjólkur- og kindakjötsframleiðslu tekið upp. Við það dró stórlega úr ríkisútgjöldum og framleiðsla á þessum afurðum dróst verulega saman. Framleiðslutakmörkunum fylgdi óhjákvæmilega fækkun bóa og framleiðenda. Fjármagni var veitt til að greiða bændum fyrir að hætta framleiðslu á mjólk og í enn meira mæli kindakjöti. Við þetta fækkaði jafnframt lögbýlum sem nýtt voru til landbúnaðar. Á sama tíma hafa orðið miklar breytingar og uppgangur í íslensku efnahagslífi. Eftirspurn eftir landi hefur aukist jafnt og þétt og verðið þar með hækkað.

Tækniframfarir eru augljóslega annar þáttur sem knýr áfram fækkun og stækkun bóa. Þær er ekki auðvelt að mæla en þó má sjá að framleiðsla á flestum afurðum hefur staðið í stað eða aukist um árabil á meðan starfandi fólki og framleiðslueiningum í landbúnaði fækkar jafnt og þétt.

Þegar litið er aftur til ársins 1997 voru lögbýli með greiðslumark í mjólk alls 1.246 og meðalinnlegg hvers býlis tæplega 82 þús. lítrar. Árið 2006 voru býlin orðin 796 með tæplega 148 þús. lítra meðalinnlegg. Á sama hátt voru 2.405 sauðfjárþú með greiðslumark árið 1997 og heildarframleiðsla kindakjöts var 7.903 tonn. Árið 2006 voru býlin hins vegar 1.601 og heildarframleiðslan komin upp í 8.647 tonn. Sífelld færri bú og hendur standa þannig undir framleiðslunni sem til viðbótar hefur heldur aukist á ný m.a. vegna aukinnar innanlandssölu.

Lýsing á gagnagrunnum

Lögbýlaskrá landbúnaðarráðuneytisins inniheldur upplýsingar um landnúmer lögbýlis, eigendur, ábúendur og hvort lögbýlið sé í ábúð, en það er skráð í eyði sé ekki skráður ábúandi á lögbýlinu með lögheimili þar. Tiltæk voru gögn úr lögbýlaskrá landbúnaðarráðuneytisins fyrir árin 2000 til 2006. Á móti hafa Bændasamtök Íslands yfir að ráða upplýsingum úr búfjárskýrslum (forðagæsluskýrslum) og skýrslum um framleiðslu mjólkur og kindakjöts sem eru greinanlegar á lögbýli og einstaklinga.

Á grundvelli landnúmera lögbýla reyndist unnt að samkeyra ofangreind gögn til að komast að því hvort landbúnaðarstarfsemi sem byggir á búfjárrækt er stunduð á viðkomandi lögbýli. Lögbýli sem uppfylltu þau skilyrði að á þeim væri skráð búfjánhald, þ.m.t. alifuglar, svín og loðdýr eða framleiðsla mjólkur eða kindakjöts, töldust í framleiðslu, að frátöldum þeim býlum þar sem eingöngu komu fram færri en 20 hross eða færri en 500 alifuglar. Utan þessarar talningar falla lögbýli þar sem eingöngu er starfsemi í skógrækt og garðyrkju, þ.m.t. kartöflurækt, gulrófnarækt, ylækt osfrv. Einnig þar sem stunduð ferðabjónusta eða nýting hlunninda en engin búfjárrækt. Á grundvelli ofangreindra gagna voru lögbýlin flokkuð í þrjá flokka eftir starfsemi: Lögbýli í framleiðslu, lögbýli í ábúð og öll lögbýli, þ.e. eyðibýli meðtalin.

Niðurstöður um eignarhald lögbýla eru settar fram án jarðeigna ríkisins, en ríkið ásamt undirstofnunum sínum er stærsti einstaki jarðeigandinn. Sveitarfélög eru hins vegar meðtalin í niðurstöðum en þau eiga ein eða ásamt öðrum fjölda lögbýla. Sala ríkisjarða telst hins vegar með þegar umfang viðskipta með jarðir er metið.

Ábúð á lögbýlum

Milli 1980 og 1990 fækkaði lögbýlum í ábúð um 249 eða tæplega 25 á ári. Frá 1990 til 2000 fækkaði lögbýlum í ábúð hins vegar rösklega tvöfalt meira, um 470 eða nærri 47 á ári. Engan vafa má telja á að skipulagðar aðgerðir við að draga úr framleiðslu búvara, einkum kindakjöts í upphafi tíunda áratugarins, eigi drjúgan hlut að máli. Frá 2000 til 2006 fækkaði lögbýlum í ábúð hins vegar aðeins um 27. Síðan 2003 hefur lögbýlum í ábúð þó fjölgað um 52. Rétt er að taka fram að nýskráningum í jarðaskrá fjölgaði umtalsvert á sama tíma. Frá 1995 til 2000 voru nýskráningar 53 en frá 2001 til 2006 voru þær 139.

Fjöldi lögbýla í ábúð allt landið

	1980	1990	1994	2000	2006
Lögbýli í ábúð	5.003	4.754	4.638	4.284	4.257
Lögbýli í eyði	1.388	1.715	1.836	2.149	2.239
Samtals	6.391	6.469	6.474	6.433	6.496
<i>Breyting:</i>		-249	-116	-354	-27

Frá 2001 til 2006 fækkaði lögbýlum í ábúð í öllum landshlutum nema á Suðurlandi. Á Norðulandi vestra breyttist fjöldi lögbýla í ábúð einnig lítið. Rétt er að hafa í huga fyrrnefnda fjölgun lögbýla vegna nýskráningar.

Fjöldi lögbýla í ábúð eftir landshlutum

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Breyting
Höfuðborgarsvæðið	149	148	137	138	141	141	-5,37%
Suðurnes	59	53	48	46	47	47	-20,34%
Vesturland	621	621	619	617	618	620	-0,16%
Vestfirðir	271	267	264	264	264	263	-2,95%
Norðurland vestra	650	645	640	643	649	652	0,31%
Norðurland eystra	816	811	804	805	801	794	-2,70%
Austurland	498	493	489	490	488	484	-2,81%
Suðurland	1.204	1.205	1.206	1.214	1.238	1.253	4,07%
Alls	4.269	4.244	4.208	4.218	4.247	4.255	

Fjöldi lögbýla í búfjárframleiðslu eftir landshlutum

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Breyting %
Höfuðborgarsvæðið	46	47	45	50	50	48	4,3%
Suðurnes	7	8	8	10	8	9	28,6%
Vesturland	462	436	418	402	409	406	-12,1%
Vestfirðir	208	202	196	194	190	188	-9,6%
Norðurland vestra	560	553	534	544	540	536	-4,3%
Norðurland eystra	525	503	502	492	478	472	-10,1%
Austurland	353	353	336	324	312	302	-14,4%
Suðurland	789	779	748	737	738	732	-7,2%
Alls	2.950	2.881	2.787	2.753	2.725	2.693	-8,7%

Lögbýli í búfjárframleiðslu eftir búgreinum.

Til frekari glöggvunar voru lögbýli í búfjárframleiðslu flokkuð eftir því hvaða búfé eða búgrein var ráðandi. Framleiðsla sauðfjár og kúabúa var umreiknuð í ærgildi þannig að eitt ærgildi mjólkur samsvarar 174 lítrum og eitt ærgildi í sauðfé jafngildir 18,2 kg kjöts) í annað hvort mjólkur- eða kindakjötsframleiðslu.

Til blandaðra búa teljast bú með meira en 20% af framleiðslunni (umreiknað í ærgildi) í annað hvort kindakjöts- eða mjólkurframleiðslu. Hreint kúabú er þá með 80% eða meira af framleiðslunni í mjólk og tilsvarendi fyrir sauðfjárþú. Önnur bú eru flokkuð eftir búfé. Bú með meira en 20 hross og ekkert annað búfé teljast hrossabú en í flokknum annað eru bú með svín, alifugla og loðdýr en hvorki sauðfé eða kúr.

Niðurstaðan var sú að árið 2000 voru 3.079 lögbýli þar sem framleiðsla búfjárafurða þ.mt. hrossarékt var stunduð. Árið 2006 voru þau 2.693 og hafði því fækkað um 386 eða 12,5%. Hrossabúum fjölgaði þó umtalsvert eða um 116, meðan lögbýlum með aðra búfjarrékt fækkaði alls um 502.

Skipting lögbýla í búfjárframleiðslu eftir búgreinum

Ár	Sauðfé	Kýr	Blandað	Hross	Annað	Alls
2000	1.698	669	409	265	38	3.079
2001	1.599	667	337	303	44	2.950
2002	1.609	652	288	290	42	2.881
2003	1.575	623	280	271	38	2.787
2004	1.532	627	245	315	34	2.753
2005	1.507	590	238	355	35	2.725
2006	1.511	564	207	381	30	2.693

Fjöldi eigenda að lögbýlum

Skoðað var hve margir aðilar, einstaklingar, lögaðilar og sveitarfélög, væru skráðir eigendur að lögbýli, einn eða ásamt fleirum. Árið 2006 áttu 10.085 aðilar hlut í lögbýli og hafði þeim fjölgað um 1.086 frá árinu 2000. Þar af hafði einstaklingum fjölgað úr 8.660 í 9.484 eða um 9,5%. Þeir skiptast þannig að 59,3% eru karlar en 40,7% konur. Lögaðilum hafði fjölgað úr 248 í 544 eða um 119%.

Frá og með árinu 2002 var unnt að flytja eignir inn í einkahlutafélag án þess að skattskylda skapaðist vegna söluhagnaðar. Eitthvað er um að bændur hafi nýtt sér þetta einkum við kynslóðaskipti. Þetta var þó ekki kannað sérstaklega en kann að skýra hluta af þeirri fjölgun sem um ræðir á fjölgun lögaðila meðal eigenda lögbýla.

Sveitarfélögum sem eiga jarðir fækkaði úr 91 í 67 á tímabili en hafa ber í huga að sveitarfélögum hefur fækkað verulega á þessum tímabili vegna sameiningar.

Fjöldi eigenda að öllum lögbýlum

Ár	Einstaklingar	Fyrirtæki	Sveitarfélög	Samtals
2000	8.660	248	91	8.999
2001	8.811	274	89	9.174
2002	8.943	318	83	9.344
2003	9.029	370	81	9.480
2004	9.174	419	76	9.669
2005	9.336	470	75	9.881
2006	9.484	544	67	10.085

Einnig var eignarhald á lögbýlum í ábúð og í framleiðslu skoðað og má greina þar sömu þróun.

Fjöldi eigenda að lögbýlum í ábúð

Ár	Einstaklingar	Fyrirtæki	Sveitarfélög	Samtals
2000	5.433	122	61	5.616
2001	5.541	136	61	5.738
2002	5.599	169	57	5.825
2003	5.546	196	55	5.797
2004	5.607	228	51	5.886
2005	5.678	266	50	5.994
2006	5.717	316	43	6.076

Fjöldi eigenda að lögbýlum í framleiðslu

Ár	Einstaklingar	Fyrirtæki	Sveitarfélög	Heildarfjöldi
2000	4.187	67	42	4.296
2001	4.105	68	44	4.217
2002	4.102	86	38	4.226
2003	3.981	104	36	4.121
2004	3.966	122	31	4.119
2005	3.965	137	28	4.130
2006	3.930	171	25	4.126

Tengsl eignarhalds og ábúðar

Skóðað var hvaða breytingar hafa orðið á eignarhaldi ábúenda á lögbýlum sem þeir sitja. Nokkuð hefur dregið úr að ábúandi sé meðal eigenda, bæði að lögbýlum í framleiðslu og allra lögbýla í ábúð. Hluti af skýringunni er að stofnuð eru einkahlutafélög um eignarhald á lögbýlum en ekki var reynt að rekja hver stór hluti þessarar breytingar ætti sér þann uppruna.

Fjöldi jarða í búfjárframleiðslu þar sem ábúandi er meðal eigenda

Ár	Fjöldi lögbýla	Þar af ábúandi meðal eigenda
2000	3.079	2.340
2001	2.950	2.236
2002	2.881	2.191
2003	2.787	2.108
2004	2.753	2.050
2005	2.724	2.017
2006	2.693	1.977

Fjöldi jarða í ábúð þar sem ábúandi er meðal eigenda

Ár	Fjöldi lögbýla í ábúð	Ábúandi meðal eigenda	Hlutfall
2000	4.284	3.282	76,6%
2001	4.273	3.235	75,7%
2002	4.246	3.217	75,8%
2003	4.205	3.111	74,0%
2004	4.220	2.995	71,0%
2005	4.251	2.967	69,8%
2006	4.257	2.920	68,6%

Er "jarðasöfnun" raunveruleg?

Eins og fyrr greinir er ríkið stærsti einstaki jarðeigandi landsins. Samkvæmt Jarðaskrá voru 471 lögbýli í eigu þess árið 2006 þar af 302 í ábúð. Um 85% aðila sem eiga lögbýli, einir eða ásamt fleirum, eiga aðeins í einu lögbýli. Það hlutfall hefur haldist svipað á tímabilinu sem skoðað var. Um 11% eiga í tveimur lögbýlum og tæp 2% í þremur lögbýlum. Árið 2000 áttu 0,65% í 4 eða fleiri lögbýlum en 0,78% árið 2006. Rétt er að hafa í huga að þar sem einkahlutafélög eru í vaxandi mæli eigendur lögbýla kunna eignatengsl að vera að einhverju leyti vantalin.

Skipting eigenda að lögbýlum eftir fjölda jarða sem þeir eiga í

	Eigendur að 1 lögbýli	Eigendur að 2 lögbýlum	Eigendur að 3 lögbýlum	Eigendur að 4 eða fleiri lögbýlum	Samtals
2000	7.768	1.010	162	59	8.999
2001	7.916	1.022	176	60	9.174
2002	8.049	1.055	166	73	9.343
2003	8.166	1.061	178	75	9.480
2004	8.306	1.102	185	76	9.669
2005	8.481	1.119	211	70	9.881
2006	8.647	1.168	201	79	10.095

Eftirfarandi töflur sýna þessa þróun þegar annars vegar er litið til lögbýla í ábúð og hins vegar lögbýla í framleiðslu. Þróunin þar er svipuð þó er nær engin breyting á fjölda eigenda að fjórum lögbýlum eða fleirum sem eru í búfjárframleiðslu.

Skipting eigenda að lögbýlum í ábúð eftir fjölda lögbýla sem þeir eiga

	Eigendur að 1 lögbýli	Eigendur að 2 lögbýlum	Eigendur að 3 lögbýlum	Eigendur að 4 eða fleiri lögbýlum	Samtals
2000	5.305	287	21	13	5.626
2001	5.413	292	22	11	5.738
2002	5.488	303	25	9	5.825
2003	5.444	311	32	10	5.797
2004	5.536	307	32	11	5.886
2005	5.633	319	31	11	5.994
2006	5.700	333	28	15	6.076

Skipting eigenda að lögbýlum í búfjárframleiðslu eftir fjölda lögbýla sem þeir eiga

	Eigendur að 1 lögbýli	Eigendur að 2 lögbýlum	Eigendur að 3 eða fleiri lögbýlum	Samtals
2000	4.161	128	7	4.296
2001	4.093	118	6	4.217
2002	4.104	117	5	4.226
2003	3.992	123	6	4.121
2004	4.010	103	6	4.119
2005	4.012	112	6	4.130
2006	4.023	94	9	4.126

Umfang viðskipta með lögbýli

Til að varpa ljósi á hve mörg lögbýli skipta um eigendur á ári var eftirfarandi vinnsla sett upp:

Bornar voru saman kennitölur skráðra eigenda tvö samliggjandi ár. Lögbýli töldust hafa skipt um eiganda/eigendur ef kennitölur skráðra eigenda seinni árið, komu ekki fyrir meðal skráðra eigenda árið á undan. Með þessu telst eftirfarandi til sölu:

- Sala milli einstaklinga – hópa einstaklinga þegar engin nýrra eigenda eru í hópi fyrri eigenda
- Sala milli hlutafélaga/lögaðila
- Sala frá einstaklingum til hlutafélaga/lögaðila þ.m.t. stofnun ehf um eignir þó raunverulegt eignarhald breytist ekki.
- Sala frá hlutafélögum/lögaðilum til einstaklinga
- Ný lögbýli koma fram sem jarðasala
- Breytingar sem verða við sameiningu sveitarfélaga birtast sem jarðasala þar sem eignarhald lögbýla flyst af kennitölu sveitarfélags sem sameinast öðrum, á kennitölu sameinaðs sveitarfélags.
- Sala lögbýla í eigu ríkisins kemur fram sem jarðasala


Með þessu telst ekki til sölu:

- Ef einstakir eigendur að jörð í dreifðri eignaraðild selja sinn hlut
- Ef eigendum að jörð fjölgar við sölu eða vegna erfða
- Ef eigendum að jörð fækkar við sölu eða vegna erfða
- Ef hlutafélag sem á jörð er selt í heilu lagi
- Ef hlutir í hlutafélögum sem eiga jörð eru seldir.

Milli 5% og 6% lögbýla töldust skipta um eigendur á ári hverju m.v. ofangreindar forsendur. Þetta hlutfall var þó heldur hærra árið 2006 eða 8%. Viðskipti með jarðir í framleiðslu eru ívið minni en í heildina allt tímabilið.

Viðskipti með allar jarðir, hlutfall af heild

	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Höfuðborgarsvæðið	10%	3%	9%	5%	9%	12%
Suðurnes	5%	2%	6%	19%	2%	7%
Vesturland	5%	4%	5%	6%	6%	8%
Vestfirðir	5%	5%	5%	6%	4%	5%
Norðurland vestra	4%	4%	4%	5%	5%	7%
Norðurland eystra	4%	5%	4%	5%	4%	5%
Austurland	5%	5%	7%	5%	5%	11%
Suðurland	6%	7%	7%	5%	6%	11%
Alls	5%	5%	6%	6%	5%	8%



Viðskipti með jarðir í ábúð, hlutfall af heild

	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Höfuðborgarsvæðið	7%	4%	9%	7%	10%	13%
Suðurnes	8%	2%	6%	20%	6%	9%
Vesturland	4%	4%	5%	6%	6%	7%
Vestfirðir	4%	4%	5%	6%	3%	7%
Norðurland vestra	3%	3%	4%	5%	5%	7%
Norðurland eystra	4%	5%	4%	5%	5%	6%
Austurland	5%	4%	7%	4%	6%	11%
Suðurland	6%	7%	8%	6%	6%	11%
Alls	5%	5%	6%	5%	6%	9%

Viðskipti með jarðir í búfjárframleiðslu, hlutfall af heild

	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Höfuðborgarsvæðið	2%	2%	4%	2%	4%	4%
Suðurnes	0%	13%	13%	40%	0%	11%
Vesturland	3%	3%	5%	3%	6%	5%
Vestfirðir	4%	4%	3%	4%	3%	5%
Norðurland vestra	3%	5%	4%	3%	5%	5%
Norðurland eystra	4%	5%	5%	4%	4%	5%
Austurland	5%	4%	5%	3%	4%	10%
Suðurland	4%	6%	5%	5%	4%	10%
Alls	4%	5%	5%	4%	4%	7%

Niðurstöður:

Niðurstöður þessarar könnunar sýna að hægt hefur á fækkun jarða í ábúð. Ljósín á bæjum til sveita virðast fjarri því að slokka jafnhvatt nú í byrjun 21. aldarinnar og var á milli árána 1980 og 2000. Engar sterkar vísbendingar koma fram um jarðasöfnun þar sem ekki er hægt að greina verulega fjölgun í hópi þeirra sem eiga margar jarðir. Á hinn bóginn fjölga mjög jarðeigendum sem bendir til þess að deilt eignarhald verði stöðugt útbreiddara.

Jarðir hafa hækkað í verði, þó greining á því liggi utan þessarar samantektar. Óumdeilt er þó að það hefur auðveldað aðgang dreifbýlisins að lánsfé sem aftur eykur möguleika til atvinnuuppbyggingar. Áðurnefnd niðurstaða um þróun á fjölda jarða í ábúð gefur til kynna að önnur tækifæri til atvinnu og tekjusköpunar hafi komið til og þar með hafi fleiri lögbýli haldist byggð en ella.

- Fjölbreytni í atvinnu í sveitum hefur aukist. Þar má nefna vaxandi ferðaþjónustu, margvíslega starfsemi tengda íslenska hestinum og skógrækt sem miklum fjármunum hefur verið varið til.
- Bættar samgöngur og fjarskipti gera mögulegt að búa á lögbýlum og stunda atvinnu utan þess.
- Lífstíll að búa í sveit/eiga jörð.

Eftirspurn og þróun verðlags á landi hefur eflaust einnig breyst með auknu verðmæti hlunninda í jörðu eins og vatns- og jarðhita og námaréttinda. Umræða um verndun náttúru og nýtingu lands kann einnig að hafa áhrif, þ.m.t. kolefnisbinding.

Þá er land lögbýla í vaxandi mæli skipulagt undir aðra starfsemi, einkum frístundabyggð. Sú spurning hefur vaknað hvort þörf sé á að gera einhverjar ráðstafanir til að tryggja að ekki verði gengið á besta landbúnaðarlandið og það skipulagt og tekið undir önnur not. Þessar áhyggjur eru ekki sér íslenskar. Nefna má að norsku bændasamtökin hafa óskað eftir því við norsk stjórnvöld að skipuð verði nefnd sem fjalli um vernd landbúnaðarlands. Á móti kemur eignarrétturinn. Ef takmarka á möguleika landeigenda til að selja eða skipuleggja land sitt til þeirra nota sem gefur þeim mest í aðra hönd verður það væntanlega að vera vel rökstutt.

Sífelld fleiri sækjast eftir að eiga land eins og sést af fjölgun eigenda að lögbýlum. Ótaldar eru þá breytingar sem orðið hafa við að landspildum er skipt út úr lögbýlum til margvíslegra nota, þ.á.m. frístundanota.

Lokaorð og þakkir:

Jóhanna Lind Elíasdóttir deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu sá um miðlun gagna úr lögbýlaskrá og gaf margar góðar ábendingar við texta þessar skýrslu. Þökkum við henni gott samstarf.

Enn er ýmsum spurningum ósvarað um þróun á eignarhaldi jarða. Mikil fjölgun hefur t.d. orðið á lögaðilum sem eiga í lögbýlum gæti verið áhugvert til frekari skoðunar. Kaup fjárfesta á lögbýlum og landi er alltént mikið til umræðu víða í þjóðfélaginu enda er land ekki síst landbúnaðarland mikilvæg auðlind sem sífelld er gengið á í heiminum.